

# Segir geðsjúkum syni sínum hafa verið úthýst

Móðir geðsjúks manns örvæntingarfull og segir þau ekki eiga líf saman. Kleppur með forræði yfir manningnum sem á við fíkniefnavanda að stríða. Geðhjálpar segist hafa neyðst til að skila honum frá sér.

**GEÐHJÁLPAR** „Syni mínum var úthýst. Persónulegar eigur hans voru lokaðar inn á Vesturgötu. Ég vissi ekki fyrir en hann var á götunni og einu skýringarnar sem ég fæ eru að hann sé í neyslu,“ sagði Katrín Karlsdóttir, en hún er móðir geðsjúks manns á fimmtugsaldri. Sonurinn hefur verið til heimilis í einu sambýla Geðhjálp.

Hún segist ekki vita til að rétt sé að hann sé í neyslu efna, en sé svo þá þurfi hann ekki síður aðstoð. „Það er erfitt að hafa hann heima. Bæði hef ég engar aðstöður til að hafa hann og því miður er það svo, vegna veikinda hans, að við eigum ekki líf saman. Það hefur verið talað um að loka hann inn lokaðri geðdeild - en það kemur ekki til greina. Hann hefur ekki verið betri frá því hann veiktist. Hitt er augljóst að hann verður að fá aðstoð.“

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, sagði málið hafa haft langan aðdraganda og að rangt sé að honum hafi verið úthýst. Sagði hann ítrekað hafi verið haft samband við Klepp til að taka við manningnum aftur, þar sem stofnunin hafi forræði yfir honum. Sagði hann að í byrjun hafi verið óskað eftir því við Geðhjálp

að gera tilraun með búsetu mannsins og að lítið hafi verið á þetta sem áfangahæimili. Sagði Sveinn skilyrði fyrir búsetu að ekki sé haft um hönd fíkniefni né áfengi en umræddur maður, sem sé mjög geðveikur, eigi við fíkniefnavandamál að etja. Hafi verið gerð tilraun til að leyfa manningnum að spjara sig en það ekki gengið, ekki síst gagnvart öðrum skjólstaðum. „Þessi maður þarf á umönnun að halda sem Geðhjálp getur ekki veitt. Í ljósi þess



**SVEINN MAGNÚSSON**

Maðurinn þarf umönnun sem Geðhjálp getur ekki veitt.

ad Félagsþjónustan og Svæðis-skrifstofa málefna fatlaðra tók við búsetu á Vesturgötunni 1. september sl., þá urðu við hreinlega að skila honum. Því er ekki hægt að líta á það þannig að við höfum beinlínis úthýst honum.“

Um aðstoð til handa manningnum sagði Sveinn forsjármenn mannsins á Kleppi vera að vinna að ákveðnum aðgerðum varðandi

## VESTURGATA

Sveinn sagði manninginn mjög geðveikan og fíkniefnavanda hans mikinn. Sagði hann að um síðustu áramót hafi utangarðsmaður andast innahúss í búsetu Geðhjálp á Vesturgötunni og þá inni hjá umræddum manni. Sé ekki hægt að bjóða öðrum skjólstaðingum Geðhjálp upp á slíkt ástand.

fíkniefnavandann undir forystu Halldórs Kolbeinssonar.

kolbrun@frettabladid.is

